

Kennslumat í fjarnámi á vorönn 2024

Kennslumat fjarnáms var opið frá 14. apríl út önnina og opið öllum nemendum eins og undanfarnar annir. Könnunin fór fram í gegnum Microsoft Forms og gildi þátttaka nemanda sem happdrættismiði. Hægt var að nálgast könnunina í hverjum Moodle-áfanga. Tölvupóstur var sendur á alla fjarnámsnemendur til að hvetja þá til dáða. Samhliða kennslumati fór fram innra mat á fjarnáminu sem verður gert skil á öðrum vettvangi.

Í verðlaun voru þátttökugjöld í einum fimm eininga áfanga. Þátttakan þessa önnina var mun betri en undanfarnar annir. Alls tóku 258 nemendur þátt af 1395 eða 18,5%. Af 2961 skráningu í fjarnámið barst 421 svar eða 14%. Alls bárust svör frá 77 áföngum af 83 eða í 93% tilvika. Tvöfalt fleiri tóku þátt á önninni miðað við haustönn hvort sem talið er út frá skráningum í áfanga eða nemendafjölda.


Spurningalistinn var nokkuð breyttur frá fyrri önnum.

1. Áfanginn er vel skipulagður
2. Námsáætlun áfangans er skýr
3. Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar
4. Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr
5. Kennari setur reglulega tilkynningar og hvatningu inn á kennsluumhverfi áfanga
6. Kennarinn skilar fljótt inn einkunn fyrir próf/verkefni
7. Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum.
8. Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni
9. Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega
10. Hvaða einkunn gefur þú kennaranum á bilinu 1-10?
11. Hvaða einkunn gefur þú áfanganum á bilinu 1-10?
12. Hvað finnst þér best við áfangann?
13. Hvað finnst þér þurfa að laga í þessum áfanga? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, skipulag, samskipti, námsefni, námsmat eða annað sem þér finnst mikilvægt.
14. Ertu í öðru námi á önninni en fjarnámi FÁ?

Nú er ekki lengur spurt um aldur nemenda og í fyrsta skipti gefa nemendur kennurum einkunn.

Fjöldi þátttakenda eftir áföngum


Frá 6 áföngum bárust engin svör en að jafnaði um fimm úr öðrum. Dreifing í fjölda svara eftir fjölda áfanga var sem hér segir



Það er mat undirritaðs að nú sé grundvöllur til að senda all flestum kennurum endurgjöf á sína áfanga.

Fjöldi áfanga sem fjarnámsnemendur skráðu sig í

Langsamlega flestir nemendur skrá sig í einn áfanga í fjarnámi og mikill minnihluti er í fullu námi í fjarnámi FÁ. Þetta er svipað mynstur og sést hefur undanfarnar annir.




Niðurstöður spurninga 1-9

Hér á eftir koma svo niðurstöður hverrar spurningar fyrir sig. Nemendur voru að mestu leyti sammála fullyrðingunum.

Spurning 1


Áfanginn er vel skipulagður

Mjög sammála




Spurning 2

Námsáætlun áfangans er skýr




Spurning 3

Ég er ánægð/ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar




Spurning 4

Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr




Spurning 5

Kennari setur reglulega tilkynningar og hvatningu inn á kennsluumhverfi áfanga




Spurning 6

Kennarinn skilar fljótt inn einkunn fyrir próf/verkefni




Spurning 7

Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum.




Spurning 8

Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni



Spurning 9

Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega



Rýnt í niðurstöður spurninga 1-9

Þegar spurningunum er raðað í röð eftir því hve sammála (mjög eða frekar) nemendur eru sammála þeim kemur í ljós að nemendur eru mest sammála áfangar séu vel skipulagðir og námsáætlun skýr en síst sammála umendurgjafir kennara.


| Spurning | Veit ekki/vil ekki svara | | |
|---|--------------------------|----------|-----|
| | Sammála | Ósammála | |
| Áfanginn er vel skipulagður | 90% | 2% | 8% |
| Námsáætlun áfangans er skýr | 90% | 5% | 5% |
| Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr | 83% | 4% | 13% |
| Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glæsur, verkefni og þess háttar | 82% | 5% | 13% |
| Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega | 82% | 11% | 7% |
| Kennarinn skilar fljótt inn einkunn fyrir próf/verkefni | 81% | 8% | 11% |
| Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni | 80% | 10% | 10% |
| Kennari setur reglulega tilkynningar og hvatningu inn á kennsluumhverfi áfanga | 76% | 10% | 14% |
| Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum. | 64% | 19% | 17% |

Fjarnámsstjóri hefur undanfarin misseri unnið ötullega að því að festa í sessi viss skipulagsatriði í áföngum sem skilar sér í ánægju nemenda. Hvað síðustu spurningarnar varðar þá þurfa kennarar að huga að því að vera reglulega í sambandi við nemendur og að reyna að bæta endurgjöf verkefna.

Niðurstöður spurningar 10- Einkunnir kennara

Að meðaltali gáfu nemendur kennara sínum einkunnina 8,4 á vorönn 2024 og miðgildi einkunna var 9. Rúmlega 60% nemenda gáfu kennurum sínum einkunn á bilinu 9-10. Er þetta umtalsvert hærri tölur en sáust árið 2023.


Einkunnir sem nemendur gáfu áföngunum sínum í kennslukönnun fjarnáms vorið 2024



Niðurstöður spurningar 11- Einkunnir áfanga

Að meðaltali gáfu nemendur áföngunum einkunnina 8,0 og sú tala var einnig miðgildi einkunna. Eðlilega var há fylgni milli einkunna fyrir spurningar 10 og 11 eða 0,72.

Einkunnir sem nemendur gáfu áföngunum sínum í kennslukönnun fjarnáms vorið 2024



Niðurstöður spurningar 12- Hvað finnst þér best við áfangann?

Þegar nemendur eru spurðir um það hvað þeim þótti best við áfangann þá nefna þeir gjarnan skipulag áfangans, hjálpssemi kennarans og þeim finnst námsefnið fræðandi og skemmtilegt. Hér á eftir faran okkur dæmi um svör:

- *Kaflarnir eru einfaldir og vel skipulagðir, og það er nóg af verkefnum og gagnvirkum æfingum til að æfa sig fyrir próf. Áfanginn er mjög umfangsmikill og því er þæginlegt að lýsingar kennara eru ekki óþarfa langar og flóknar.*
- *Hversu vel skipulagt þetta var, teams fundur í byrjun sem skiptir líka máli til að kynnast kennaranum og vita betur uppsetningu á náminu. Krossaprófin komu ekki öll í einu sem var gott. Kennslubrúfin voru góð, þar sem komu þar uppl hvað við ættum að leggja mest áherslu á og stuttar útskýringar.*
- *Það að hafa fengið möguleika á að kaupa kennslubók, og að kennarinn hafi síðan lagt það á sig að senda hana heim í pósti. Mjög flott.*

Niðurstöður spurningar 11


Þegar nemendur eru spurðir um hvað betur megi fara í áföngunum þá nefna þeir skipulag, uppsetningu á Moodle og samskipti við kennarann (endurgjöf, skýrleiki í framsetningu, svarhraða, ...)

Hér á eftir fara nokkur dæmi um svör nemenda:

- *Fínt ef að leiðbeiningarnar væru meira hnitmiðaðar við hvað er mikilvægt að fá mest með sér væri fínt, annars vel upplagt nám.*
- *Kennarinn þyrfti að senda fleiri pósta yfir önnina, svör þyrftu að vera fyrir verkefnahefti svo maður viti að maður sé að gera rétt, mér þótti þetta frekar kaótískur áfangi og erfitt að átta sig á lokaverkefninu*
- *Mér fannst erfitt að fá ekki jafnt og þétt einkunn fyrir verkefni og próf, átti þá erfitt með að átta mig á hvernig ég væri að standa mig í áfanganum, hvort ég væri að gera/skilja rétt eða í tómmri vitleysu með þetta allt saman. Dagsetningar á teams fundum og skilaverkefnum voru ekki að stemma, sem var ruglandi. Fannst vanta aðeins upp á námsefnið, þyrfti meiri textabók eða orðalista. Ruglandi og ekki nógu skýrt efni að hafa bara Coursebook og quizlets. Heilt yfir voru þessi atriði sem gerðu allan áfangann svolítið ruglandi og allt þínu óskýrt, mikið óöryggi hjá mér með þetta allt saman.*

Niðurstöður spurningar 13

Flestir svarenda voru ekki í öðru nám en fjarnámi við FÁ eða rúmlega 60%. Þetta er í takti við svör undanfarnar annir



Lokaorð

Þáttaka nemenda í kennslukönnun vorið 2024 var með hreinum ágætum og tvöfaldaðist sé miðað við árið 2023. Það munaði um það að þátttaka í kennslumati var um leið happadrættismiði.

Nemendur eru ánægðir með kennarana sína (spurning 10) og áfangana (spurning 11). Þeir eru sérstaklega ánægðir með skipulag og uppsetningu námsáætlunar og námsáfanga á Moodle (spurningar 1 og 2). Þeir eru síður ánægðir með endurgjafir á verkefni sín.

Niðurstöður kennslumats hvers áfanga voru sendar á kennara, ef einn eða fleiri nemandi tók þátt, til að aðstoða þá við að ígrunda kennsluna. Til samanburðar var í þeim skýrslum hægt að bera svör nemenda í áfanganum við svör annarra nemenda í fjarnámi.

Reykjavík í ágúst 2024

Unnar Þór Bachmann
Gæðastjóri